

„... ekki ætlaða ek at þat væri míni yfirseta ...“  
Vangaveltur um vísur og vinnubrögð sagnritara í Hákonar sögu

I

„Ekki er ek af því lögmaðr kallaðr, at ek kunna nokkut í lögum, en oft hefi ek málum skipat milli kolkarla, en fátt kann ek um konunga at tala, ok ekki ætlaða ek, at þat væri míni yfirseta, at dæma milli þeirra.“ (undirstr. bsk)<sup>1</sup>

Pannig kemst lögmaðurinn Þórður skolli m.a. að orði í Hákonar sögu. Hann er aðeins einu sinni leiddur fram á svíð sögunnar, á stefnu í Björgvin árið 1223 þar sem fyrirmenn eru hver af öðrum kvaddir til að setja á tölur og skera úr um hverjum beri konungstign í Noregi. Stefnunnar er hvergi getið í öðrum heimildum. Í Hákonar sögu er frásögnin af henni hins vegar svo ítarleg að hún mun sú nákvæmasta sem varðveisist hefur af sískum „rfkisfundi“ Norðmanna á hámiðöldum;<sup>2</sup> nöfn allra þeirra sem stefnuna sækja eru skipulega rakin og því næst eru orð manna ýmist endursögð eða höfð eftir í beinni ræðu. Að stefnu lokinni er sagt frá samtöllum Hákonar konungs og Skúla jarls og skyldum jarls við konung þá meðal annars lýst með áþekku orðalagi og síðar í Hirðskrá.

Af frásögninni má draga ýmsar ályktanir, t.d. að sagan byggi að nokkrum á rituðum heimildum,<sup>3</sup> en þá ekki síður að sá sem setti hana saman nauðaþekki klisjur sem tilökast í stjórnmálaumræðu samtímans og hafi vald á listrænum vinnubrögðum, sé t.d. leikinn í að gera mikil úr þeim efnispáttum, sem hann kýs að setja á oddinn og hafi lag á að svíðsetja svo trúverðugt sé. Málið snýst um frá hvaða sjónarhorni sagan er könnuð. Í seinni tíð hafa menn sennilega frekast sýnt henni áhuga sem heimild um norska og íslenska sögu og ekki skal dregið úr að sem sílik sé hún einlægs áhuga verð. Hér verður hins vegar farin sú leið að huga einkum að henni sem bókmenntaverki og í samræmi við það skal því halddið fram í upphafi að ofangreind orð Þórðar skolla fari allt eins vel á munni Íslendinga.

<sup>1</sup>Saga Hákonar konungs gamla. Flateyjarbók III. Akranes 1945, 396. Hér eftir verður vitnað í meginmáli með blaðsíðutali til Hákonarsögu og Sverrissögu í þessari útgáfu.

<sup>2</sup>Sjá: Knut Helle. Konge og gode menn i Norsk riksstyring ca. 1150-1319. Ósló 1972, 135.

<sup>3</sup>sama stað; sjá einnig: Narve Björge. Om skriftlege kjelder for Hákonar saga. Historisk tidsskrift 1967:4, 190.

Sturlu Þórðarsonar, sem fór með lögsögn í heimalandi sínú á tínum þjóðveldisins, og á munni norsks lögmanns.<sup>4</sup> Sú tilgáta skal reyndar beinlínis sett fram, að af orðum Þórðar lýsi ekki síst afstaða sagnritarans Sturlu: þar sem hann sitji við skriftir 1264 eða -5 sé honum ofarlega í huga er hann sigldi af Íslandi á fund Hákonar konungs sumarið 1263, sennilega landráðamaður að skilningi norskra höfðingja og óraði síst fyrir að það yrði hans „yfirseta“ að skrá sögu konungsins, að dæma milli hans og Skúla hertoga.<sup>5</sup>

Tala Þórðar skolla væri hér ekki tilkuð á þessa leið nema af því að hún er síðasti liður þrítækningar þar sem leikið er með andstæðuna kotkarlar~hofðingjar og ýmis tilbrigði við hana á munni þriggja lögmannna.<sup>6</sup> Þrítakingin felur auðvitað í sér að ræður lögmannanna eru tengdar saman og vakin sérstök athygli á inntaki þeirra. Sé litioð á liðina þrjá í samhengi virðist nærtækt að með þeim lýsi Sturla á óbeinan hátt aðstæðum sínum og vinnubrögðum við samningu sögunnar, og tengi síðasta liðinn, hápunktinn, þá vitandi vits lögmanni sem ber viðurnefni hins slóttuga refs.

Fyrsta einingin birtist þegar þau boð berast til Hákonar konungs frá erkibiskupi og Skúla jarli að þeir vilji fá skorið úr um faðerni hans með járnburði. Þá lýsir Dagfinnur bóndi, lögmaður úr Gulaþingslögum, meðal annarra skoðun sinni á tilmælum biskups og jarls og kemst svo að orði:

Varla munu dæmi til finnast at bóndasynir og kotkarla skulu gera einváldskonungi ok konungssyni sífka afarkostí ófriðarlaust ok þróngva honum til járnburðar, þaðan frá, er hann var konungr orðinn yfir öllu landi ok allir menn hafa honum eitda svarit. Ok ætla ek oss pykkja litlu verru vera at láta bera ekki járn nema þeim kalt, er hans óvinir eru, ok láta allsvaldanda guð skipta milli konungs ok óvina hans, sem hann skipti milli Sverris konungs ok hans móttöðumanna. (364; undirstr. bsk)

Eins og sjá má talar hér einarður stuðningsmaður Hákonar enda aldavinur hans sem að sögn Sturlu hefur jafnvæl verið í för með Hákonni Sverrissyni þegar konungur var getinn (333). Dagfinnur hikar ekki við að segja hug sinn og efast hvorki um ætterni konungs né rétt hans sem einvalda leiðtoga til að tróna efst í valdapíramiða samfélagsins, óáreittur af þeim sem ekki

<sup>4</sup> Frá lögsögn Sturlu 1250 eða 1251 er sagt í ýmsum annálum, sjá: Islandske Annaler indtil 1578. Útg. Gustav Storm. Kristjanfa 1888, 26, 66, 132, 191, 329.

<sup>5</sup> Um landráð Sturlu sjá: Magnús Stefánsson. Drottinsvik Sturlu Þórðarsonar. Sturlustefna. Reykjavík 1988, 147-183.

<sup>6</sup> Eins og sjá má á því sem á eftir fer er hér verið að tala um ‘þrítakingu’ í byggingu en ekki aðeins endurtekningu orða: sama andstæðan er endurtekin á munni þriggja manna, en sá þeirra sem lengst talar stagast nánast á henni og tilbrigðum við hana, svo að í stíl er hún endurtekin miklu oftar en þrisvar.

eru 'bornir til' sama hlutskiptis. Svo sannfærður er hann um að konungur þiggi vald sitt af guði að hann endar á því að hvetja til vopnaviðskipta við Skúla jarl, og rökstyður þá hvatningu með tilvísun til afskipta almættisins af viðureign Sverris konungs við óvini sína (sjá einnig Sverris sögu 229-39).

Leiða má getum að því að með orðum Dagfinns endurspeglí Sturla þau viðhorf til Hákonar og andstæðinga hans sem verið hafi 'ríkjandi söguskoðun' við hirð Magnúsar lagabætis meðan á ritun Hákonar sögu stóð; með þeim sýni hann m.ö.o. í hvaða umhverfi hann samdi sögu sína. Hina seinni two liði þrítekningar-innar nýti hann hins vegar til að læða því að sem honum býr sjálfum í hug.

Andstæðan kotkarlar-konungar skýtur næsta sinni upp kólli á áðurnefndri Björgvinjarstefnu og þá í máli Gunnars grjónbaks, sem sagður er elstur norskra lögmannna. Konungur kveður hann fyrstan manna til að skera úr um hverjum beri hin norska konungstign og fær þessi svör, hér þó örlistið stytt:

Pér ánefnið mik til þess, herra konungr, at ek skylda segja milli yðvar höfðingianna, hvern yðvar Noreg á. En þat er mikil byrðr einu *kotkarlsbarni* at skipta svá miklum ríkðomi ok segja af einhverjum ok til annars, ok kenni ek á mér þat, sem ek vænti at fleirum fylgi, at skjálfandi og hræddr mun ek þat gera, því at þá er Sverrir *konungr* fékk mér þetta starf, bauð hann mér at skipa mílum milli *kotkarla*, en eigi á milli höfðingja, allra helzt er þeir heyrá sjálfir á, er malit varðar. Ek heyrða um hrif at lögmennirnir duldu þess, er þeim var ok kennt, með því at flestir eru hræddir fyrir valdinu. Vil ek eigi þessa byrði á mik binda, at leysa þetta mál. En með því at ek vænti, at flestir *kotkarlasynir* kunnu lítil skynsemd til þess at skipa stórmælum fyrir sakir kunnostuleysis, má ok vera, at sumir sé nokkut vinhallir, þá látum þann fram segja, er veit, hvat satt er, og satt segir, hvárt sem á heyrir ríki eðr órísk ok engan óttast, þó at einhverjum mislíki. En þat er lögbók hins helga Ólafs *konungs*, er eftir hans skipan var gör um allan Noreg og allir Noregsmenn hafa fylgt síðan, þeir sem rétt vilja segja. En ef ek skal geta fyrir fram, hvat hon segir framast ok ek hefi skynsemd til að skilja, þá segi ek svá, at Hákon *konungr* er einn réttborinn til Noregs af öllum þeim mönnum, er nú kalla til f dag. (393-4; undirstr. bsk)

Ræða Gunnars er miða þrítekningaránnar og langstarlegasti liður hennar. Öfugt við Dagfinn fyrr neitar Gunnar að skera sjálfur beinlfnis úr um hvort Skúli eða Hákon eigi að fara með konungsvöld. Hann finnur sér og sínum líkum til afsökunar jafnt ótta við afleiðingarnar, kunnáttuleysi í meðferð slíksra mála og vinfungi við annan hvorn höfðingjann. Hann vísað einnig til Sverris konungs ekki síður en lögmaðurinn úr Gulaþingi, en þá í raun til að setja ofan í við Hákon: Aldrei ætlaðist Sverrir til að kotungar gerðu um mál þeirra er þreyttu kappi um konungstign. Leið Gunnars út úr þeim ógöngum sem hann þykist kominn í á stefnunni er að varpa ábyrgðinni af eigin herðum á þjóðardýrlinginn, þ.e.a.s. „lögbók“ Ólafs

konungs. Þá ‘bók’ er hann tilbúinn að túlka Hákon f hag; hann er með öðrum orðum fús til að veita honum það sem honum ber samkvæmt hefð en reynir í sömu mund að þvo hendur sínar af að gera það. Orðið „lögbók“ er reyndar harla merkilegt í þessu samhengi. Ekkert bendir til að Ólafur hafi látið semja slíka bók en í Sverrissögu er t.d. rætt um „lög“ eða „landsög“ Ólafs helga þegar kristnirétt og erfðaveldi ber á góma (255 og 256). Vera kann að lögbókin á munni Gunnars sé sprottin af þeirri umræðu og sé beinlínis ætlað að vísa til hennar þó fleiri skýringar komi til greina.<sup>7</sup>

En hvernig sem því er varið er hitt ljóst að Þórður skolli fer í niðurlagsordum sínnum, sem ekki voru tilgreind hér að framan, líkt að og Gunnar grjónbakur; hann sker ekki sjálfur úr um rétt Hákonar til konungdóms en vísar til hefðar — þá m. Þórðar föður síns — og minnir þá óneitanlega á Ara fróða:

.....En Pórðr, faðir minn, hét lögmaðr, ok sagði hann mér svá, at hans faðir segði svá ok aðrir foreldrismenn værir, at æ skyldu allir Noregsmenn fylgia konungssyni, meðan hann væri til. Þat létu þeir ok fylgja, at þeir mundi aldregi þrifast, er í móti þeim væri.“ (396)

Sé haldið fast við fyrri tilgátu vitna ræður Gunnars og Þórðar um að Sturla er tilbúinn til að semja sögu Hákonar að konungasagnahefðinni sem fyrir er og leggja þá áherslu á bein tengsl konungs og almættis. Hann er m.o. fús að sniða hana að verkum eins og Ólafssögu sérstöku, Heimskringlu og Sverrissögu en um leið setur hann á oddinn hversu sérkennilegt hlutskipti hans er. „Kotkarlasynir“ eru „vinhallir“ hefur hann eftir Gunnari grjónbak en sá sem þekkir lífshlaup hans sjálfs veit að hann hefur með aðför að umboðsmanni konungs, Hrafni Oddsyni, risið gegn þeim konungi sem hann skal nú hylla með fjöðurstaf sínum.<sup>8</sup> Lítill ástæða er til að ætla að Sturla hafi verið andstæðingur hins einvalda konungdæmis.<sup>9</sup> Hins vegar má velta fyrir sér hvers vegna hann lýkur þriftekningu sinni á þeirri fullyrðingu Skolla að „Noregsmenn“ sem setja sig gegn konungssyni muni aldregi þrifast. Má vera að honum þyki annað gilda um íslendinga sem eiga sér bæði uppreistarrétt og jarl og það komi með einhverjum hætti fram í sögunni?

<sup>7</sup>Um ‘lögbók’ Ólafs helga og trú Norðmanna fyrr á öldum að slík bók hefði verið til sjá:  
Per Sveaas Andersen. Samlingen av Norge og kristningen av landet 800-1130.  
Handbok i Norges historie 2. Oslo 1977, t.d. 113.

<sup>8</sup>Sjá: Sturlu þáttur. Sturlunga saga II. Ritstj. Örnólfur Thorsson. Reykjavík 1988, 759.  
o. áfr.; Magnús Stefánsson. Drottinsvik.... 151 o. áfr.

<sup>9</sup>Sjá: Helgi Þorláksson. Var Sturla Þórðarson þjóðfrelsishetja? Sturlustefna. Reykjavík  
1988, 126-146.

Áður en lengra er haldið er vert að nefna að framangreind túlkun byggir á því sem menn þekkja til aðferða Sturlu; af frásagnarhætti Íslendingasögu hafa menn t.d. ráðið að honum væri einkar lagið að beita ýmsum listrænum brögðum til að koma því á framfærni sem hann teldi sér illa fært að segja berum orðum.<sup>10</sup> Þess skal og getið að túlkunin virðist ekki stangast á við hugmyndir manna um tengsl sögunnar við aðrar konungasögur þó að hún kunni að vekja þá spurningu hvort ekki væri vert að kanna þau frá öðru sjónarhorni en gert hefur verið.<sup>11</sup> Sæki Sturla einkum til sagnahefðarinnar til að firra sig ábyrgð af að „dæma milli“ konungs og jarls, jafngildir það því að hann semji vísvitandi sögu konungs að stöðluðum formúlum, að minnsta kosti í ákveðnum atriðum. Fróðlegt væri því t.d. að athuga, hvort sú vinnuaðferð kallaði ekki stundum á, að hann stíflfærði ótæpilega frásagnir af atburðum, svo sem Björgvinjarstefnunni 1223, til að flytja þann boðskap sem hefðin krefst. Hér skal þó ekki fengist við það heldur hugað að vísum í ljósi þess sem að framan segir.

## II

Í Hákonarsögu eru 121 tölusett vísa og vísubrot, þar af 112 eftir þrjá menn, þ.e. sagnritarann Sturlu, Ólaf hvítaskáld og Snorra Sturluson. Sjálfur á Sturla riflega 90 vísur í sögunni sem allar eru úr fjórum kvæðum, þ.e. Hrynhendu þeirri er hann virðist yrkja sem höfuðlausn áður en hann heldur af Íslandi 1263, og úr Hákonarkviðu, Hrafnsmálum og Hákonarflokki, sem öll munu ort eftir að hann kemur til Noregs, vinnur sér hylli Magnúsar lagabætis og gengur í þjónustu hans. Það hefur verið viðtekin skoðun að Sturla fylgi einvörðungu hefð er hann fellir vísur inn í söguna; vísurnar séu aðeins skraut — jafnvél „þarfart skraut“ þar eð ekki sé þörf á „að leiðréttu eða staðfesta frásagnir um nýlega atburði“ með kveðskap, svo vitnað sé til Sigurðar Nordal.<sup>12</sup>

<sup>10</sup>Hér nægir að nefna hvernig hann fellir með táknumáli síðræna dóma yfir nafna sínum Sighvatssyni, og hvernig hann lætur þá fornu hetju Egil-Skallagrímsson lýsa hugleysi Snorra Sturlusonar í draumvísu. Sjá: Inngangur. Skýringar og fræði. Ritstj. Örnólfur Thorsson. Reykjavík 1988, lxvii-lxxi og lxxiii.

<sup>11</sup>Um þetta efni, sjá t.d. Tor Ulset. Sturla Þórðarson og Sverris saga. Sturlustefna 1988, 86-93; Narve Björgo. Om skriftlege kjelder...

<sup>12</sup>Sigurður Nordal. Formáli. Flateyjarbók 3. bindi. Akranes 1945, XV; Sjá einnig: sami. Um íslenzkar fornsögur. Arni Björnsson þýddi. Reykjavík 1968, 98; Guðni Jónsson. Formáli. Konunga sögur 3. bindi. Reykjavík 1957, X-XI; Vésteinn Ólason. Dróttkvæði. Íslenskt bókmennntasaga I. Ritstj. Vésteinn Ólason. Reykjavík 1992, 230-31.

Túlkunin á þrítékningunni hér fyrr virðist í fljótu bragði renna stoðum undir þessa skoðun — sé horft fram hjá hugmyndinni um að síður þurfi að leiðréttá og staðfesta nýjar fréttir en gamlar. Við það bætist að Hermann Pálsson sem skrifaði ekki alls fyrir löngu um kveðskap Sturlu, hefur bent á fjölmargar orðalagslíkingar með kvæðum hans og verkum eldri höfunda, og lýst úrvinnslu hans úr arfinum svo:

Sturla lærði margt af ýmsum skáldum og færði sér óspart í nyt það sem aðrir höfðu vel gert. Æn það ber vitni um þá einurð Sturlu sem Þórður á Skarði vegsamaði forðum, að skáldið reynir hvergi að fela það sem hann hefur numið af eldri kvæðum, heldur blasir það skýrt við sjónum.<sup>13</sup>

Hér sýnist allt stefna að sama ósi, þ.e. að andspænis því örðuga verkefni að skrá sögu Hákonar gamla, láti Sturla hefðina vinna fyrir sig. En í sömu mund er ljóst að svo einfalt er málið ekki. Sturla er fyrsti íslenski sagnaritarinn, svo vitað sé, sem segja má að yrki kvæði inn í sögu sem hann ritar. Sturla brýtur því hefðina ekki síður en hann fylgir henni og sú staðreynd krefst þess að spurt sé: Hvað veldur? Því er ekki auðsvarað þar eð um þekkingu hans á skáldskaparfræðum, um afstöðu hans til skáldskapar og sagnaritunar, ósanninda og sanninda, vita menn fátt annað en það sem ráða má af verkum hans. Það sakar hins vegar ekki að leita svara — og taka þá mið af ólökum forsendum.

Narve Björgo hefur haldið því fram að Hákonarsaga sé hvortteggja í senn, síðasta stórvirkri hinnar klassísku norrænu konungasagnaritunar og auðsæjasti vitnisburðurinn um aukin evrópsk áhrif á andlegt líf Norðmanna og Íslendinga á 13. öld. Máli sínu til stuðnings nefnir hann t.d. að sagan beri í efni og formi svip af enska 13. aldar annálinum *Chronica majora* en standi í sömu mund föstum fótum í norrænni sagnahefð.<sup>14</sup> Björgo ræðir ekki um vísur sögunnar í þessu samhengi en þær kunna þó ekki síður en lausamálið að vitna um þjóðlega og alþjóðlega skólon Sturlu. Eitt af því sem gæti skýrt að hann fellir eigin kvæði inn í söguna er að hann hafi þekkt til málfræði Alexanders frá Villa dei, *Doctrinale*, og Eberhardss frá Béthune, *Graecismus*, sem fyrstir skólaspekinga á miðöldum tóku að yrkja sjálfir dæmi inn í verk sín.<sup>15</sup> Það hljómar vísast einkennilega að íslenskur konungasagnaritari hafi fetað í fótspor franskra og flæmskra

<sup>13</sup> Hermann Pálsson. *Kveðskapur Sturlu Þórðarsonar*. Sturlustefna. Reykjavík 1988, 69.

<sup>14</sup> Narve Björgo. Om skriftlege kjelder ..., 228-9.

<sup>15</sup> Um Alexander og Eberhard sjá t.d.: Dietrich Reichling. Einleitung. Das Doctrinale des Alexander de Villa dei. Monumenta Germaniae Paedagogica XII. Berlin 1893, t.d. LXXI o.áfr.

kennslubókarhöfunda í málfræði er hann skeytti eigin vísum inn í sögu sína. Sitthvað bendir þó til að sú sé einmitt raunin í Hákonarsögu.

Fyrst skal nefnt að vitað er að á síðari hluta tólfu aldar og á hinni þrettándu hafa íslendingar síst verið eftirbátar félaga sinna úti í álfu í þekkingu á málfræði og mælkskulist. Skýrasta sönnunin er auðvitað hvernig lærðómurinn lýsir af verkum þeirra; minna má t.d. á ræðurnar í Sverris sögu.<sup>16</sup> Pessu tengist að maður Sturlu nákominn kann að hafa haft veður af verkum Alexanders og Eberhards. Björn M. Ólsen benti fyrir meira en hundrað árum á að finna mætti ákveðnar hliðstæður með málskrúðsfræði Ólafs hvítaskálds, og Doctrinale og Graecismus. Hann komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að skýringarinnar væri að leita í sameiginlegum heimildum; sagði að ekkert benti til að Ólafur og höfundar þeirra erlendu verka, sem hann styddist við, hefðu þekkt þessi rit enda hefði málskrúðsfræðin þá „fået en helt anden skikkelse.“<sup>17</sup> Niðurstaða Björns er varfærin og skynsamleg en hún lýsir fyrst og fremst skoðun. Komast má að gagnstæðri niðurstöðu, þ.e. að Ólafur hafi þekkt verkin eða a.m.k. haft spurnir af þeim, og styðja hana rökum. Ljóst er t.d. að Doctrinale var kennið í skólum Parísar á 13. öld og þangað lögðu norrænir menn leið sína, t.d. kórbróðirinn Einar smjörbakur (545), sonur Gunnars grjónbaks, sem tók við erkibiskuptign í Noregi 1255.<sup>18</sup> Ritið varð einnig ásamt Graecismus strax á 13. öld vinsælt annars staðar í álfunni eins og sjá má á því að í kvæði Eberhards hins þýska, Laborintus, eru Alexander af Villa dei og Eberhard frá Bethune taldir meðal höfunda sem menn eiga að taka sér til fyrirmynðar meðan Dónat og Priscianus eru ekki nefndir á nafn.<sup>19</sup> En mestu skiptir þó að Ólafur hvítaskáld yrkir sjálfur dæmi í málskrúðsfræði sína þó að flest dæma hans séu eftir aðra. Telja má því sennilegt að höfundur fjórðu málfræðiritgerðar Snorra-Eddu sé í vissum skilningi sporgöngumaður Ólafs er hann yrkir dæmi inn í ritmsíð sína og styðst sýnilega við rit Alexanders og Eberhards við samningu hennar.<sup>20</sup>

Pá skal talið að hvað eftir annað má sjá í Hákonarsögu að Sturla segir sömu hugsunina í lausu máli og vísu eða vísum. Hann vefur vísur og lausamál m.ö.o. saman ekki óápekktt því sem skólaspekingarnir tengja

<sup>16</sup>Um ræðurnar, sjá: Sverrir Tómasson. Veraldleg sagnaritun 1120-1400. Konungasögr. Íslensk bókmenntasaga I ... 395-6.

<sup>17</sup>Björn Magnússon Ólsen. 1884. Indledning. Den Tredje og Fjærde Grammatiske Afhandling i Snorres Edda. Útg. Björn M. Ólsen. Kaupmannahöfn 1884, XXXIX.

<sup>18</sup>Um Doctrinale sem kennslubók, sjá: Dietrich Reichling. Einleitung...XLIV o.áfr.

<sup>19</sup>Ernst R. Curtius. European Literature and the Latin Middle Ages. 6.pr. Princeton 1988, 50-51.

<sup>20</sup>Um þetta efni, sjá: Sverrir Tómasson. Formálar íslenskra sagnritara. Reykjavík 1988, 42-3.

saman reglu og dæmi henni til staðfestingar; lausamálið/reglan setur á oddinn meginatriði sem vísan/dæmið vitnar um, sýnir bókstaflega. Stundum verður frásögnin hjá Sturlu þá einnig eins og kennslubókardæmi í ákveðnum mælskubrögðum t.d. stigmögnun; lausamál og vísur eru fléttuð þannig saman að klifað er á sömu hugsuninni uns hápunktí er náð. Skýr dæmi þessa má sjá í fyri hluta sögunnar, sbr. frásögnina af því hversu vel árar þegar Hákon tekur við konungstign; staðhæfingin „aldinviðrinn bar tvennan ávöxt ok útifuglarnir urpu tysvar“ virðist samin sem e-s konar útdráttur eða ‘meginregla’ úr vísunum sem á eftir koma. Þær eru fjórar, þ.e. vísuhelmingur Ólafs hvítaskálds og þrjár vísur Sturlu úr Hákonarkviðu. Þrjár hinur fyrstu streka allar staðhæfinguna sem sett var fram í upphafi en hin síðasta, hápunkturinn, er kristileg útlegging á árferðinu sem rómað hefur verið jafnt í lausu máli sem bundnu.

Loks skal nefnt að vinnuaðferðir Sturlu í sögunni kunna að mótað af því að fyrir hann hafi beinlínis verið lagt að gera fremur meira en minna úr lærðomi og siðmenntan við norsku hirðina. Margir hafa veitt því athygli að Hákonarsaga er harla nákvæm í lýsingum á ýmsum stórvíðburðum í konungsgarði og frásögnum af síðum og háttum fyrirmanna; hún segir t.d. starlega frá krýningum konunga og samskiptum við erlenda þjóðhöfðingja og dregur upp skýrar myndir af hvers kyns veislum. Knut Helle er þeirrar skoðunar að þetta beri meðal annars vitni um löngun norska yfirstéttarmanna til að standa jafnfætis stéttarbræðrum sínum sunnar og vestar í álfunni og bendir á að sama löngun birtist einnig, t.d. í hágotneskum evrópskum byggingastíl og þýðingum franskra riddarasagna sem Hákon konungur hafi staðið fyrir.<sup>21</sup> Hann leggur og áherslu á að Hákonarsaga sé ekki óhlutdræg heimild þar eð hún birti opinskátt hugmyndafræði afkomenda Sverris konungs, setji á oddinn rétt Hákonar til konungsvalda, glæsileika krúnunnar og forréttindastöðu konungsfjölskyldunnar í þjóðfélaginu.<sup>22</sup> Undir skoðanir Helles skal tekið en nokru við þær bætt.

Menn deila ekki um að Hákon gamli hafi lagt sig fram um að semja hirðmenn sína að háttum aðalsins suður í Evrópu. En þar eð uppgangur Birkibeina var mikil blóðtaka fyrir norsku höfðingjastéttina hlýtur það að hafa verið ærið verk, og ósennilegt að því hafi verið lokið á tínum Magnúsar lagabætis. Rökrétt má því kallast að Magnús hafi viljað styrkja sjálfsmýnd norsku hirðarinnar og farið þess á leit við Sturlu að hann legði sérstaka rákt við frásagnir sem gætu orðið henni eftirdæmi og þá

<sup>21</sup> Knut Helle. Norge blir en stat 1130-1319. Oslo 1974, 104.

<sup>22</sup> sami. Hákonar saga Hákonarsonar. Kulturhistorisk Leksikon for nordisk middelalder. Ísl. ritstj. Jakob Benediktsson og Magnús Már Lárusson. Reykjavík 1961, 53.

jafnframt útbreitt hróður hennar og krúnunnar innanlands. Þetta gæti skýrt fleiri einkenni Hákonarsögu en nefnd hafa verið, t.d. lýsingar á stefnum, sífellar frásagnir af bréfum er ganga milli manna, skrif um 'ranghugmyndir' annarra þjóða um Norðmenn, áhersluna sem lögð er á að Hákon hafi verið bókhneigður og allan þann fjölda vísna í sögunni — þ.e.a.s. 30-40, altt eftir því hvernig talið er — sem fjalla um ytri búnað: glæsileika flotans, fagurleik fána og vopna, krýningu konungs, gjafir hans við veislulok o.s.frv.<sup>23</sup> Síðast en ekki síst mælir þetta með að Sturla hafi m.a. ort vísur inn í söguna til að staðfesta hina nýju siði; í formi jafnt sem efni kæmi þá fram hve vel norska hirðin kynni sig: sagnritari konungs hefur ekki aðeins á valdi sínu norræna hefð heldur og nýjustu tísku frá París. Aðferð Snorra Sturlusonar og ýmissa annarra konungasagnaritara hefði þá ekki leitt Sturlu á „glapstigu“, eins og Nordal hélt fram.<sup>24</sup> Þvert á móti hefði hann þróað hana í samræmi við breytta tíma. Og þá skal því ekki gleymt að hann hefur ef til vill endurnýjað arfinn frá Snorra á fleiri vegu. Menn hafa t.d. getið sér til um að Hákonarkviða, Hrynhenda og Hrafnsmál, sem fjalla hvort um sig um afmarkað skeið í ævi konungs og eru ekki ort undir sama bragarhaetti, séu í raun eitt þrífiskipt verk, þá líkt og Háttatal Snorra.<sup>25</sup> En meðan Snorri hefur sennilega aldrei hugsað sér að hans kvæði væri annað en sjálfstætt verk, fléttar Sturla sitt inn í söguna sem hann er að rita og yrkir það líklega beinlínis til þeirra nota.<sup>26</sup> Hann hefur þá vísast, eins og Sverrir Tómasson hefur nefnt, haft aðrar hugmyndir um hlutverk kvæða í sögu en Snorri;<sup>27</sup> hann hefur ekki litið svo á að kveðskapurinn ætti einkum að gegna því hlutverki að staðfesta lausamálið heldur skyldi hann vera órofa háttur sagnlistarinnar: leikinn sagnaritari gerði hvortveggja í senn að 'yrkja' og 'semja' sögu.

En hvaða skýringar aðrar kunna að vera á því að Sturla fellir vísur sjálfssín og annarra samtímamanna inn í Hákonar sögu? Þegar horft er til þess að hartnær allar vísurnar í sögunni eru eftir hann sjálfan, Ólaf bróður

<sup>23</sup>Hér skal ekki gengið svo langt að fullyrða að Sturla styðjist ekki við nein gögn þegar hann er einn til frásagnar um bréf, stefnur og annað af því tagi. Hins vegar skal bent á að 'kórrétt' form og orðalag í sögunni sem kallast á við form og mál í varðveisum plöggum og ritum frá 13. öld sem krúnunni tengjast, þarf ekki endilega að vitna um annað en pekkingu Sturlu á 'stofnanamáli' samtíma hans. Sjá t.d. Narve Björðo. Om skriflege kjelder ... 1988 o. áfr.

<sup>24</sup>Sigurður Nordal. Formáli. Flateyjarbók 3. bindi. Akranes 1945, XV.

<sup>25</sup>Sjá: Edda Snorra Sturlusonar III. Kaupmannahöfn 1880-1887, 393; Bjarne Fidjestøl. Det norrøne fyrstediktet. Bergen 1980, 256-7 og 260.

<sup>26</sup>Hér er vísad til þess að ekki verður fullyrt að Háttatal hafi frá upphafi verið hluti Snorra-Eddu.

<sup>27</sup>Sverrir Tómasson. Veraldleg sagnaritun ... Íslensk bókmennatasaga ..., 399.

hans og Snorra föðurbróður þeirra, vaknar sá grunur að hann noti vísurnar m.a. til að setja Sturlunga í brennidepil frásagnarinnar. Aðferðin væri þá ekki óáþekk þeiri sem hann beitir í Íslendingasögu þar sem hann notar drauma og forspár til að halda ættingjum sínum í svíðsljósinu.<sup>28</sup> Sturlungar eiga hins vegar miklu meiri hlut að atburðarás á Íslandi en í Noregi á 13. öld, þannig að auðveldara er að gera þeim hátt undir höfði í Íslendingasögu en Hákonarsögu. Vera kann að Sturla sé með vísum eftir sjálfan sig og ættingja sína beinlínis að hrósa síðbúnum sigri yfir Hákoní konungi; hann vilji sýna að saga hans verði ekki í minnum höfð nema af því einu að Sturlungar haldi nafni hans á lofti, menmirnir sem létu illa að stjórn hans og urðu jafnvel höfðinu styttri í viðskiptum við sendimenn hans. Ljóst er að Sturla er langminnugur á það sem honum þykir aðrir menn hafa illa gert sér og sínum. Hann leynir t.d. ekki í frásögninni kulda sínum í garð Gissurar jarls Þorvaldssonar. Sá kului verður enn bitrari af því að einn vísupartur jarlsins, fjórar hendingar, er láttinn fljóta með á annað hundrað vísum þeirra frænda. Sturla hefði getað sleppt því að vitna til Gissur; það gerir hann ekki, heldur hefur svo smátt eftir honum að það er sem hann leggi sig fram um að sýna hve hlutur Gissurar að 'sköpun sögunnar' sé rýr.

EKKI fer milli mála að hafi Sturlu langað til að sneiða með einhverjum hætti að Hákoní konungi í frásögn sinni og launa honum þannig sitthvað er honum kann að hafa þótt fara miður í viðskiptum hans við Sturlunga, hefur hann síst af öllu átt hægt um vik: hann hafði gengið í þjónustu sonar hans og var honum skyldubundinn. Sem skáld réð hann hins vegar yfir leikni til að koma á framfæri því sem honum bjó í hug, t.d. án orða, í krafti margræðni málsins, víhana eða táknumáls. Víða í Hákonarsögu má sjá dæmi sem túlka má eins og smáhnútur er Sturla sendi Hákoní dauðum, t.d. þessa frásögn:

*Í sóttinni lét hann fyrst lesa sér latfnubækri. En þá bótti honum sér mikil misæða í at hugsa þar eftir, hvuersu bat þyddi. Lét hann þá lesa fyrir sér norrænubækri nætr og daga, fyrst heilagra manna sögur, ok er þær braut, lét hann lesa sér konungatal frá Hálfdaní svarta ok sifðan frá öllum Noregskonungum, hverjum eftir annan. (592, undirstr. bsk)*

Frásögnin sýnir óumdeilanlega að Hákon hefur ekki verið sérlega sleipur í latínu, en hins vegar er erfitt að fullyrða að henni sé ætlað að skopast að honum. Svipaða sögu er að segja um merkilegt samspil vínsna og lausamáls

<sup>28</sup>Um þetta efni sjá: Robert J. Glendinning Träume und Vorbedeutung in der Islendinga saga Sturla Thordarsons. Kanadische Studien zur deutschen Sprache und Literatur. Bern og Frankfurt 1974, t.d. 222 o. áfr.

þegar lýst er viðureign Varbelgja og Birkibeina í Ósló. Þegar Birkibeinar eru að koma sér fyrir í bænum undir stjórn konungs segir sagan:

pá var svá fram komit ári, at páskaaftann var sumardagr inn fyrsti, en þetta var laugardaginn í páskaviku. Var pá allr þeli ór jörðu, en svá var blautt ok vátlent, þar sem Birkibeinar gengu, at leirinn tók til knés eðr meir. Varð þeim því þungengt, at annarr fót sökk, fyrr en öðrum var upp stigit. (501)

Heldur seinna er enn vikið að útgangi konungsmanna í bardaganum þegar tekið er sérstaklega fram að þeir hafi staðið „í veisu nokkurri“ (505) en Varbelgir hafi haft purrara undir fótum. Eflaust má halda því fram að með þessum hætti sé lof borið á konungsmenn; þrátt fyrir erfiðar aðstæður fari þeir með sigur af hólmi. Það reynist hins vegar erfitt að standa fast á slíku af því að vísurnar sem prýða frásagnir af Óslóarbardaganum minnast hvorki á for né veisu — þó Ólafur hvítaskáld líski vopnaþinginu við náttúruhamfarir — heldur þvert á móti gullsetta fána sem gnæfa yfir konungslíði og syngjandi gullnar hjaltatungur. Myndin sem rís upp er umfram allt skopleg: Yfir höfðum konungsmanna hið dýrasta bróðeri og í höndum þeirra skfnandi góðmálm meðan svört forin slettist af leggjum þeirra í hverju spori.

Jafnvel þó maður ákveði að skynsamlegt sé að fara með gát við túlkun dæma af þessu tagi, og gefi sér að þeim hafi síst verið ætlað að vera skop, er hitt ljóst að Sturla kemur sýnilega ýmsu að í vísum sem ýmist eykur hróður andstæðinga Hákonar eða getur naumast átt að styrkja orðstír konungsins sérstaklega. Merkilegt er t.d. að í vísum um Skúla jarl virðist annari ‘söguþkoðun’ haldið á lofti en þeiri sem allajafna ríkir í sögunni. Yfirleitt leggur Sturla áherslu á að Hákon hafi hlotið konungstign og borið sigurorð af andstæðingum sínum af því að guð hafi stutt hann til valda. En þegar Skúli lætur taka sig til konungs fellir Sturla m.a. tvær angurværar vísur eftir sjálfan sig inn í söguna þar sem annað er uppi á teningnum:

Það er skróklaust  
að Skúli var  
frægðarmaðr  
í frómu lífi  
þó að hvarbrigð  
á hann snéri  
aldar gift  
auðnu hveli

þá er ofrausn  
öfgu heilli  
randa rjóðr  
reisa knátti  
og ólágt  
jöfra bági  
ðöllings nafn  
á Eyrum tók.<sup>29</sup>

<sup>29</sup>Hér og eftirleiðis er í frágangi vísna stuðst við: Den Norsk-Islandske Skjaldedigtning A II útg. Finnur Jónsson. Kaupmannahöfn og Kristjanía 1912, 107. o.áfr. Stafsetning er þó að nokkru færð til nútímahorfs.

Hér er það ekki guðdómurinn sem snýst öndverður gegn Skúla heldur „hvarbrigð aldar gift“ þ.e.a.s. ‘hverful gæfa tímanna’; „öld“ merkir raunar jafnt ‘menn’ sem ‘tími’ en miðað við seinni vísur um Skúla virðist tímamerkingin eiga betur við.<sup>30</sup> Orðið „ofrausn“ er einnig eftirtektarvert. Það hefur komið fram fyrr í sögunni og þá einmitt á munni Skúla er hann heimtir sýslur þær sem konungur hefur skipað honum af Arnþirni Jónssyni. Hann segir m.a. við Arnþjörn: „En þó at þú sér fyrir öllum lendum mönnum í Noregi, þá þykki mér öllum yör þat ofrausn at halda fyrir mér því, sem hann [konungur] játar, at ek skal hafa.“ (462) Í þessu tilsvari er ljóst hvað er hverjum „ofrausn“ en í vísunni „reisir“ Skúli einfaldlega „ofrausn“, andlagið vantar og því ris upp tvífræðni. Sturla notar orðið í lausamálínu sýnilega í merkingunni ‘ofdramb’ en í vísunni er ekki annað að sjá en hann leiki með merkingu þess. Það má lesa vísuna á two vegu: Skúli reisti sjálfum sér „ofrausn“, þ.e. ofmetnaðist, er hann tók sér konungsnafn og uppskar samkvæmt því eða hann reisti, þ.e. sýndi Norðmönnum „ofrausn“, var of rausnarlegur í þeirra garð, er hann bauð þeim þjónustu er þeir kunnu ekki að meta.

Pessi túlkun fær byr undir báða vængi af því að í sögunni er Skúli hertogi með vísum tengdur goðsögninni um Baldur hinn hvít meðan guð og kristur eru jafnan í för með Hákon — bregða yfir hann huliðshjálmi, veita honum vígsgengi o.s.frv.<sup>31</sup> Skúla er ekki jafnað til Baldurs með augljósri viðliskingu — eins og t.d Hákon til Ólafs Tryggvasonar —, heldur er falli hans við brennandi klaustrið á Helgisetri og líkferð hans í Oslo lýst þannig að vísan kallast á við frásögningu af bálför Baldurs í Snorra-Eddu:

En nafnfrægr  
nökkyvi síðar  
í náreið  
á Niðar bakka  
við leygför  
leggja knátti  
rausnarlíf  
ríkr hertogi.<sup>32</sup>

<sup>30</sup>Eins og fram kemur í Lexicon Poeticum er tímamerkingin oftast bundin til orðsins ‘öld’ en finna má dæmi þess að hún tengist et orðsins. Sjá: Lexicon Poeticum Antiquæ Linguæ Septentrionalis. Ordbog over det Norsk-Islandske Skjaldesprog. Upprunalega samið af Sveinþirni Egilssyni. 2.útg. umsjón Finnur Jónsson. Kaupmannahöfn 1931, 661.

<sup>31</sup>Hermann Pálsson hefur vakið athygli á úrvinnslu Sturlu úr goðsögninni um Baldur. Hann fjallar hins vegar um ónnur atriði en hér gert og hefur fremur í huga efnivíðinn sem Sturla vinnur úr en tilganginn med úrvinnslunni. Sjá Hermann Pálsson. Kveðskapur...76-8.

<sup>32</sup>Den Norsk-Islandske Skjaldedigtning ..., 115.

Hér eru orð valin af fágætri nákvæmni; „náreið“ merkir ‘lskför’ en „reið“ er ‘skip’ í kenningum og þulum og vakin er athygli á þeirri merkingu með ljóðlínunni „á Niðar bakka“. Á sama hátt virðist „leygför“ við fyrstu sýn aðeins merkja ‘elds-ferð’, þ.e. ‘eldsvoði’ en orðhlutinn ‘-för’ minnir á ‘bálför’ og þar með frásögn Snorra-Eddu: „Hann [nökkvann Hringhorna] vildu goðin fram setja og gera þar á bálför Baldurs.“ (undirstr.bsk).<sup>33</sup> Upphaf næstu vísu tekur því næst af allan vafa um hvað skáldinu býr í hug: Skúli gengur á Gjallarbrú, sama veg og Baldur reið forðum, að sögn Eddu.<sup>34</sup>

Í sögunni er Skúla hertoga þá, í sem stystu máli jafnað til goðs sem menn hafa ekki lengur átrúnað á, meðan Hákon konungur gengur á vegum trúarbragðanna sem við lýði eru í samtíma Sturlu. Hertoganum er hins vegar ekki lskt við ótiltekið goð heldur ásinn sem var veginn saklaus og Snorra-Edda lýsir m.a. svo:

... er frá honum gott að segja. Hann er bestur og hann lofa allir. Hann er svo fagur álitum og bjartur, svo að lýsir af honum, og eitt gras er svo hvít að jafnað er til Baldurs brár. Það er allra grasa hvítast. Og þar eftir máttu marka hans fegurð bæði á hár og á líki. Hann er vitrastur ásanna og fegurst talaður og líknsamastur en sú náttúra fylgir honum að enginn má haldast dómr hans.<sup>35</sup>

Með þessum hætti er í raun sýnt að Skúli hafi verið jafnoki Hákonar, en tímarnir og aðstæðurnar sem hann lifði á hafi verið honum fjandsamleg. Haldi menn að tilviljun ein ráði því að Skúli er í vísum tengdur goðsögninni um Baldur, má benda á að í lausamálinu er sérstaklega nefnt að hann hafi riðið hvítum hesti (511) og borið hvítan hatt (461) á höfði.

### III

Skýringar þær sem nú hafa verið settar fram á kvæðagerð og vísnivali Sturlu í Hákonarsögu, eru þær sem sennilegastar mega kallast. Ýmsar aðrar mætti tína til en hér skal numið staðar að sinni af því að tæpt hefur verið á því sem mestu varðar: sagnritarinn Sturla Þórðarson er ekki allur þar sem hann er séður; vísurnar í Hákonarsögu eru t.d. ekki einvörðungu „sjablonmessig pryd uten sjelvstendig kildeverdi“ eins og Knut Helle

<sup>33</sup>Edda Snorra Sturlusonar. Útg. Heimir Pálsson. Reykjavík 1988, 67.

<sup>34</sup>sama rit, 68.

<sup>35</sup>sama rit 37.

fullyrðir og vitna ekki endilega um „fhaldssemi“ eins og Vésteinn Ólason segir.<sup>36</sup>

Í sögunni birtist sérkennilegur tvískinnungur. Öðrum þræði er hún nakið áróðursrit fyrir Hákon konung og afkomendur hans; hinum þræði miðlar hún afstöðu íslensks sagnritara af Sturlungakyni sem vitað er að var misánaegður með framgöngu Hákonar sem konungs. Stundum gengur Sturla svo hart fram í áróðurslistinni að saga hans breytist í ævintýr. Skýrasta dæmi þessa er frásögnin af fór Kristínar konungsdóttur til Spánar og biðlunum fimm sem hún gat valið á milli: sá fyrsti kominn að fótum fram, annar með skarð í vör, þriðji svikari við konungdæmið, fjórði náttúraður fyrir klerkdóm einan og sá fimmri þrátt fyrir ýmsa góða kosti, t.d. lískamsstyrk, lístillæti, kátsnu og gjafmildi, ef til vill forljótur, a.m.k. segir sagan: „En af vexti hans vildi hann [konungur] ekki segja eðr fríðleik, því at Nordmenn máttu þat dagliga sjá.“ (561). Andspænis slískum frásögnum getur lesendum flugið í hug að þær hafi verið settar saman af sagnritara með skelmissglott á vör, ekki síst þegar hann fellir inn í lausamálið vísu sjálfs sín sem í stendur þetta:

Síðan kaus um sœmdarfusa  
snilldarbrúðr þann er eiga vildi  
öðlings braðr af yðru ráði  
æðstan mann, sjá göfugr svanni. (undirstr. bsk)<sup>37</sup>

Allt eins víst er þó að Sturla sé í fullri alvöru að segja sitt ævintýr, þar sem kóngssynir eru allir ágætir, þrátt fyrir ýmis lýti, en sá sem prinsessan hreppir fagur eins og á má sjá. Það er m.ö.o. ekki ósenilegt að hann sé að miðla mikilvægum ‘sannindum’ í búningi ævintýrsins eða ýkjusögunnar, t.d. af því að hann þekki til integumentum eða ‘feluaðferðar’ Bernardusar Silvestris. Sjálfur skilgreinir Bernardus integumentum sem frásagnarhátt er feli sannleika í ýkjukennndri frásögn.<sup>38</sup> Sturla gæti þannig vísvitandi hafa fellt Spánarför Kristínar í búning ævintýrsins til að miðla þeim ‘sannleika’ að norski einvaldkonungurinn kynni sig vel í milliríkjjasamskiptum og ræktaði þau, væri mikils metinn þjóðhöfðingi í Suður-Evrópu sem menn sækust eftir að hafa skipti við o.s.frv.

<sup>36</sup> Knut Helle. Hákonar saga ... 1961, 52; Vésteinn Ólason. Dróttkvæði. Íslensk bókmennasaga ..., 231.

<sup>37</sup> Den Norsk-Islandske Skjaldedigtning ..., 108.

<sup>38</sup> Sjá t.d. Walter Haug. Literaturtheorie im deutschen Mittelalter von den Anfängen bis zum Ende des 13. Jahrhunderts. Germanistische Einführungen. Darmstadt 1985, 224; Sverrir Tómasson. Formálar..., 252-3.

En þótt Sturla játist undir að semja Hákon gamla inn í konungasagnahefðina og beita þeim aðferðum sem tiltækar eru til að lofsyngja hann er hann ekki þar með sjálfur múlbundinn fyrir fullt og allt. „...æ skyldu allir Noregsmenn fylgja konungssyni, meðan hann væri til“ en „aldregi þrifast“ (396) ella, hefur Þórður skolli eftir feðrum sínum. Íslenski sagnritarinn sem ekki er „Noregsmaður“ getur leyft sér að hafa tvenns konar afstöðu til veruleikans, afstöðu krúnunnar og sína eigin — og hann leyfir sér það sýnilega. Í því er ekki síst fólginn vandi þeirra sem vilja komast til botns í Hákonarsögu. Þeir skulu meta og túlka orð sagnritarans og afstöðu hans til frásagnarefnisins; greina hvenær hann segir frá því sem hefur gerst og hvenær því sem gæti hafa gerst; hvenær hann færir í stlinn eða skreytir mál sitt til þess eins að hrífa lesendur með sér og hvenær í öðrum tilgangi; hvenær honum býr hlátur í hug og hvenær rammasta alvara; hvaða hlutverki táknmál hans, vísanir og önnur mælskubrögð þjóna, svo fátt eitt sé nefnt. Á erfiðum stundum gætu eflaust ýmsir þeirra sem fást við Hákonarsögu tekið undir með Magnúsi konungi og sagt: „Spurt hefi eg að Sturla kann að yrkja.“<sup>39</sup>

---

<sup>39</sup>Sturlu þáttur..., 766.